

Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs 2007 - 2011

Niðurstöður tilraunaverkefnis í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlanagerð



Rannsókn á umsóknum og styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar til að kanna hvort halli á annað kynið í styrkveitingum ráðsins og hvað gera megi til úrbóta sé því þannig varið.

MOF 2012

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið
Vesturgötu 1
101 Reykjavík



Inngangur

Verkefnið fólst í því að rannsaka - með hliðsjón af kyni umsækjenda - allar umsóknir um styrki sem sótt var um til menningar- og ferðamálaráðs f. 1. október ár hvert í fimm ár og styrkveitingar í kjölfar þeirra. Rannsakaðar voru styrkveitingar vegna árána 2007-2011. Undanskildir voru skyndistyrkir og föst framlög í fjárhagsramma sviðsins, s.s. til Leikfélags Reykjavíkur, Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listahátíðar í Reykjavík, Víkurinnar- Sjóminjasafnsins í Reykjavík og styrkir vegna innri leigu s.s. Korpúlfsstaðir, Tjarnarbíó, Iðnó, Gunnarshús (RSÍ), Hafnarstræti 16 (SÍM), Nýlendugata 13-15 (Myndhöggvarafélag Íslands) ofl.

Verkefnið unnu: Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála teymisstjóri, Berglind Ólafsdóttir skrifstofustjóri fjármála- og rekstrar og Kristjana Nanna Jónsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs.

Eigendur: Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri og Einar Örn Benediktsson formaður ráðs.

Markmið

Markmið verkefnisins var að kanna hvort halli á annað kynið í styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs og gera tillögur að því hvernig unnt er að jafna mun kynjanna og/eða halda jafnræði milli kynja í styrkumsóknum og styrkveitingum.

Jafnréttismarkmið verkefnisins voru þau að kynin eigi að hafa jafna möguleika á styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs til verkefna og starfsemi á sviði menningarmála og menningartengdar ferðaþjónustu.

Almennt um styrkveitingarnar, umsóknar- og úthlutunarferlið

Styrkir menningar- og ferðamálaráðs til menningarlífsins byggja á umsóknum um styrki sem skrifstofa borgarstjórnar auglýsir að hausti ásamt öðrum styrkjum borgarinnar í tengslum við fjárhagsáætlanagerð komandi árs. Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi, eins og segir í reglum þar um.

Skrifstofa borgarstjórnar ber stjórnsýslulega ábyrgð á umsjón styrkjamála. Í því felst m.a. sameiginleg auglýsing, móttaka styrkumsókna, vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar. Skjalasafn Ráðhússins ber ábyrgð á miðlægri skráningu og flokkun umsókna. Frá árinu 2011 hafa umsóknir verið sendar í gegnum Rafrænu Reykjavík og bera nú tengiliðir fagsviða ábyrgð á þeim þar. Umsóknir eru því vistaðar í go-pro Ráðhússins en síðan eru þær umsóknir sem umsækjandi hefur merkt til menningarmála sendar yfir til Menningar- og ferðamálasviðs. Úrvinnsla umsókna til menningarmála, gerð ítarlegri heildaryfirlita og eftirfylgni er á byrgð skrifstofustjóra menningarmála og skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs. Fjármálaskrifstofa annast svo greiðslu styrkjanna og hefur eftirlit með skilum á greinagerðum.

Ákvörðun um styrkveitingar til menningarmála er í höndum menningar- og ferðamálaráðs. Ráðið setur sér verklagsreglur árlega að hausti ásamt áherslum vegna styrkveitinga komandi árs. Verklagsreglurnar byggja m.a. á styrkjareglum borgarinnar, menningarstefnu, ferðamálastefnu og annarri stefnumörkun borgarinnar. Fylgiskjal með verklagsreglunum er úr II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi.

Ráðið skipar fagnefnd að hausti til að fara yfir styrkumsóknir til menningarmála. Skv. fyrrnefndum verklagsreglum er óskað eftir tilnefningu frá Bandalagi íslenskra listamanna (BÍL) um 15 einstaklinga. Ráðið velur síðan fimm þeirra sem skipa þá fagnefnd er fer yfir umsóknirnar og leggur tillögur fyrir menningar- og ferðamálaráð um styrkveitingar. Fagnefnd BÍL hefur verklagsreglurnar og áherslur ráðsins til hliðsjónar. Undanfarin ár hefur ráðið farið alfarið eftir tillögum nefndarinnar. Áður en styrkurinn verður greiddur út þarf styrkhafi að undirrita staðfestingu á að af verkefninu verði. Síðan þarf hann að senda skilagrein um nýtingu styrkfjár er verkefni lýkur og endurgreiða ef ekki verður af því. Þær sem skipa teymi þessarar rannsóknar vinna saman að nauðsynlegum yfirlitum, uppgjörum og áætlunum.

Vinnuferli rannsóknar

Til að kanna hvort halli á annað kynið í styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs lá fyrir að kyngreina yfirlit yfir styrkumsóknir og styrkveitingar ráðsins árin 2007 – 2011.

Þar sem yfirlitin voru ekki í samræmdu formi þurfti að vinna ný yfirlit yfir öll árin. Þegar um hópa var að ræða var umsóknin flokkuð eftir kyni ábyrgðarmanns hennar. Þar þurfti að greina hlutfall karla/kvenna sem ábyrgðarmenn umsókna og hve háir styrkirnar voru sem sótt var um. Jafnframt að greina hlutfall karla/kvenna sem fengu úthlutað og hve háum styrkjum körlum/konum var úthlutað hverju sinni.

Til að kanna hvort einhverjir þættir í ferlinu gætu haft áhrif var litið til auglýsinga, umsóknareyðublaða, umsóknarferlis, verklagsreglna, skipan fagráðs og ráðgefandi faghóps hverju sinni. Gögn voru síðan metin á fundum teymisins en teymisstjóri ritstýrði skýrslunni.




Niðurstaða rannsóknar

Frá árinu 2007 til 2011 hefur orðið merkjanleg og stígandi aukning á hlut kvenna í styrkjaumsóknum og styrkveitingum menningar- og ferðamálaráðs hvað varðar:














- | | |
|-------------------------|----------------------------|
| ✓ fjölda umsókna | ✓ heildarupphæð úthlutunar |
| ✓ heildarupphæð umsókna | ✓ meðalupphæð úthlutunar |
| ✓ meðalupphæð umsókna | |

Á árunum 2007 til 2011 jókst:

- ✓ Hluttur kvenna í fjölda umsókna m.v. karla úr 49% í 55%.
- ✓ Heildarupphæð umsókna kvenna m.v. karla úr 45% í 58%.
- ✓ Meðalupphæð umsókna kvenna m.v. karla úr 46% í 52%.
- ✓ Heildarupphæð úthlutunar til kvenna m.v. karla úr 47% í 63%.
- ✓ Meðalupphæð úthlutunar til kvenna m.v. karla úr 48% í 58%.



Skipan ráðgefandi faghóps og skipan menningar- og ferðamálaráðs á þeim fundi ráðsins sem úthlutun fór fram

Faghópur	2007	2008	2009	2010	2011	Árið 2007 þegar hlutfall kvenna var í minnihluta bæði í umsóknum og úthlutunum voru karlar fleiri en konur bæði í faghópi og fagráði og karl í sæti formanns á báðum stöðum. Þegar samsetningin breytist árið 2008 þá fer úthlutunin að breytast konum í vil. Af gögnunum má leiða líkur að því að samsetning ráða og faghópa hafi áhrif á úthlutun. Hins vegar var ekki reiknuð út tölfræðileg marktækni.
	3	2	2	2	2	
	2	3	3	3	3	
Formaður						
Fagráð	2007	2008	2009	2010	2011	
	5	3	3	2	4	
	2	4	4	3	3	
Formaður						

Hlutfall kynja í aðildarfélögum listamanna

Þar sem flestir þeir sem sækja um styrki ráðsins til menningarmála eru atvinnulistamenn var jafnframt litið til samsetningar félaga listamanna.

	Karlar	Konur
Arkitektafélag Íslands	221	115
Félag íslenskra hljómlistarmanna	345	202
Félag íslenskra leikara	194	269
Félag íslenskra listdansara	9	99
Félag íslenskra tónlistarmanna	54	107
Félag kvikmyndagerðarmanna	237	128
Félag leikmynda og búningahöfunda	18	17
Félag leikskálda og handritshöfunda	38	25
Félag leikstjóra á Íslandi	55	38
Félag tónskálda og textahöfunda	308	47
Rithöfundasamband Íslands	243	165
Samband íslenskra myndlistarmanna	154	514
Samtök kvikmyndaleikstjóra og handritahöfunda	50	15
Tónskáldafélag Íslands	57	8
Samtals	1983	1749

Heimild: Hagstofan 2011.

Eins og sjá má af töflunni að ofan eru karlarnir í félögunum samtals fleiri en konur í heild eða 13,4%, en er litið er til hlutfalls kynja í hverju fagfélagi fyrir sig kemur í ljós að þau eru afar misjöfn eftir félögum.

Af 217 styrkumsóknum til menningar- og ferðamálaráðs fyrir árið 2011 voru hlutföllin svona:

Tónlist	72	Hátíðir	21
Leiklist	43	Blandað	21
Myndlist	27	Bókmenntir	6
Dans	22	Kvikmyndir	5

Fjöldi umsókna í fjölmennasta flokknum, tónlist, er í takt við félagatalið, en í 4 félögum tónlistarmanna FÍH, FÍT, FTT og TÍ eru samtals 1128 félagar. Hins vegar ber að geta þess að meðlimir nokkurra félaga sem eru með karlmenn í meirihluta eins og tón- og textahöfundar, arkitektar, kvikmyndagerðarmenn og rithöfundar hafa í litlum mæli leitað til borgarinnar eftir styrkjum.

Álitaefni og tillögur til úrbóta

Hlutur kvenna jókst verulega á árunum 2007 til 2011 jafnt í fjölda, heildarupphæð og meðalupphæð styrkjaumsókna til menningarmála sem í heildarupphæð og meðalupphæð úthlutunar um leið og halla fór smám saman á karla.

Mælst er til að faghópi verði sérstaklega falið að hafa Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar til hliðsjónar við yfirferð umsókna. Tilgreina má í styrkjareglum borgarinnar, auglýsingum borgarinnar og verklagsreglum ráðsins að leitast sé við að hafa jafnræði kynjanna í heiðri.

Þar sem leiða má líkum að því að formaður faghóps hafi meiri áhrif en aðrir mætti hugsa sér að fagráðið hefði þá vinnureglu að karlar og konur væru til skiptis formenn ráðsins hvort árið um sig. Hugað verði áfram að hlutföllum kynjanna í samsetningu faghóps.

Teymið leggur til að við flokkun umsókna í framtíðinni verði þær kyngreindar eftir umsækjanda fyrir fagråd og faghóp að hafa til hliðsjónar auk þess að halda áfram með þann gagnagrunn sem unninn var fyrir þessa rannsókn. Það er þó að sjálfsögðu tvíþent að kyngreina umsóknirnar eftir umsækjanda, en bæði fagråd og faghópur sjá síðan af efni umsókna hvers kyns er.

Í gagnagrunninn var sett stutt lýsing á öllum verkefnum sem sótt hafði verið um. Hann getur því nýst fyrir dýpri rannsókn síðar. Gaman hefði verið að fara í saumana á hvers konar verkefni og starfsemi verið er að styrkja en það er efni í lengri ritgerð en þessa.

Vert er að hafa í huga að um er að ræða styrki til lista og skyldra menningarmála. Á listir er ekki hægt að setja mælistikur og kvóta. Það sem mestu máli skiptir við mat á umsóknum er að sjálfsögðu listræn gæði verkefnisins og fagleg hæfni aðstandenda.

Teymið hafði bæði gagn og ánægju af vinnslu verkefnisins og er þakklátt fjármáladeild fyrir þá góðu fræðslu sem veitt var í upphafi og gott utanumhald um verkefnið alla leið. Hins vegar verður að játa að annir við önnur störf hindruðu nokkuð för.

Rannsóknargögn:

- Yfirlit yfir styrkumsóknir til menningar- og ferðamálaráðs fyrir árin 2007 – 2011 þar sem fram kemur nafn umsækjanda, tilgangur umsóknar með lýsingu á verkefninu / starfseminni, umbeðin fjárhæð á ákvörðun menningar og ferðamálaráðs.
- Yfirlit yfir styrkveitingar ráðsins fyrir árin 2007 – 2011
- Heildaryfirlit sem unnið var úr fyrrnefndum gögnum þar sem fram kemur fyrir hvert ár bæði í tölum og prósentum án uppreikunar og með uppreiknun á vísitölu neysluverðs:
 - ✓ Fjöldi umsókna kvk
 - ✓ Fjöldi umsókna kk
 - ✓ Heildarfjöldi umsókna
 - ✓ Heildarupphæð umsókna kvk
 - ✓ Heildarupphæð umsókna kk
 - ✓ Heildarupphæð umsókna
 - ✓ Meðalupphæð umsókna kvk
 - ✓ Meðalupphæð umsókna kk
 - ✓ Meðalupphæð umsókna
 - ✓ Heildarupphæð úthlutunar kvk
 - ✓ Heildarupphæð úthlutunar kk
 - ✓ Heildarupphæð úthlutunar
 - ✓ Meðalupphæð úthlutunar kvk
 - ✓ Meðalupphæð úthlutunar kk
 - ✓ Meðalupphæð úthlutunar
 - ✓ Vísitala neysluverðs hvert ár fyrir sig
- Reglur Reykjavíkurborgar um styrki – samþykktar 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010
- Verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs um styrki vegna árunna 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011.
- Skipun menningar- og ferðamálaráðs í ráðgefandi faghópa um styrki vegna árunna 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011.
- Skipun menningar- og ferðamálaráðs á úthlutunarfundi árin 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011.
- Hagstofan 2011: Kyngreindur fjöldi félagsmanna í 14 hagsmunasamtökum listamanna.